

Héraðssamband Strandamanna

Stofnað 19. nóvember 1944

Ársþing 2022

75. ársþing HSS



Haldið í Félagsheimilinu Hólmavík

miðvikudaginn 15. júní 2022



75. ársþing HSS
Haldið í Félagsheimilinu Hólmavík
15. júní 2022 kl. 17:00

Dagsskrá:

1. Þingsetning.
2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra, og tveggja fundarritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra.
7. Kosning nefnda þingsins. a) Uppstillingarnefnd. b) Fjárhagsnefnd.
c) Íþróttanefnd d) Allsherjar og laganeftnd.
8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
9. Nefndarstörf.
10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
11. Kosningar. a) Stjórn og varastjórn. b) Tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. c) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
12. Önnur mál.
13. Þingslit.

Öllum meiri háttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga og fjárhagsáætlun næsta árs. Einfaldur meirihluti ræður afgreiðslu mála á ársþingi HSS, nema um lagabreytingu sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Stjórn HSS



Skýrsla stjórnar Héraðssambands Strandamanna 2022

Skýrsla stjórnar HSS

Stjórn HSS 2021-2022 var þannig skipuð s.l. starfsár. Formaður Jóhann Björn Arngrímsson, varafomaður Óskar Torfason, ritari Finnur Ólafsson, gjaldkeri Ragnar Bragason og meðstjórnandi Henrike Stuheff.

Varamenn. Júlíus Jónsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Birna Ingimarsdóttir, Bjarnheiður Fossdal og Sveinn Ingimundur Pálsson.

Ekki var um marga bókaða fundi en sendir tölvupóstar og skilaboð á Messenger. Einnig var rætt við stjórnarmenn í síma. Samskipti við UMFÍ og ÍSÍ hafa sömuleiðis verið rafræn eða í formi fjarfunda. T.d um heilsueflingu eldra fólks 60+ og hvernig hægt væri að nýta íþróttamannvirkin og lausa aðstöðu fyrir hreyfiúrræði.

Harpa Óskarsdóttir framkvæmdarstjóri HSS hætti í lok júnímánaðar 2021 og ekki fékkst framkvæmdastjóri í hennar stað. Vill stjórn HSS þakka henni samvinnuna s.l. ár.

Á fundi stjórnar var ákveðið að semja við aðildarfélögini að taka að sér að sjá um mótaðal HSS og sá Ungmennafélagið Geislinn um mótt sumarsins. Vill stjórn HSS þakka Geislanum fyrir.

Formaður HSS komst ekki á þing UMFÍ á Húsavík í haust og ekki var neinn tilbúinn að fara enda Covid enn í gangi.

Stjórnin vill þakka aðildarfélögum, nefndum og ráðum HSS fyrir vel unnin störf á síðastliðnu ári og lítur björtum augum á komandi tíma, sjá má á skýrslum aðildarfélaga að mikið starf er unnið til að efla almenningsíþróttir ungra sem aldna.

Strandabyggð sagði upp styrktarsamningi við HSS en nýr samningur var gerður og er hann í gildi til 31 desember 2022 um fjárhagslegan stuðning ásamt aðgangi að íþróttamiðstöð og geymsluaðstöðu sá samningur er 20% lægri en fyrri samningur.

Úthlutað var úr sérsjóði kr. 1.200.000,- kr 850 þús til Skíðafélags Strandamanna og 350 þús til Golfklúbbs Hól mavíkur.

Stjórnin vill þakka aðildarfélögum, nefndum og ráðum HSS fyrir vel unnin störf á síðastliðnu ári og lítur björtum augum á komandi tíma, sjá má á skýrslum aðildarfélaga að mikið starf er unnið til að efla almenningsíþróttir ungra sem aldna.

Fh. stjórnar HSS,



Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum eiga aðildarfélög HSS að, halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og láta HSS vita um aðalfundi. Nauðsynlegt er að HSS geti fylgst með aðalfundum og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram ársreikning undirritaðan af stjórn félagsins og skoðunarmönnum.

Nýtt félagakerfi Abler tók við af Felix

HSS hvetur aðildarfélögin að nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að skrá iðkendur og félaga í Abler því skipting þeirra fjármuna sem kemur til HSS og er til skipta byggist alfarið á töluum úr því kerfi og mikilvægt að þar sé allt rétt og uppfært reglulega.

Lottó og íslenskar getraunir.

Lottótekjur árið 2021 voru 5.821.315,- og skiptast eftir þeim reglum sem hafa verið í gildi undanfarin ár, en útreikningur á skiptingu fór eftir skráningu í Felix árið 2021 þetta árið.

Skýrslur aðildarfélaga HSS 2022

Geislinn- Starfsárið 2021-2022 – Skýrsla stjórnar fyrir Aðalfund haldinn 30. mars 2022

Skipun stjórnar og hlutverkaskipti stjórnarmeðlima

Aðalfundur starfsársins 2020 – 2021 var haldinn þann 11. Maí 2021 í anddyri íþróttahúss Hólmavíkur.

Einungis þrír stjórnarmeðlimir mættu auk eins félagsmanns Kristínar Önnu sem gaf í kjölfarið kost á sér til varamannasetu. Þær breytingar höfðu orðið á stjórn að Hulda Björk hafði vikið frá störfum sem formaður og Íris Björg tekið við. Hrafnhildur Skúladóttir var í veikindaleyfi og Barbara Ósk var eini varamaður á skrá.

s.l. haus vék Hrafnhildur frá í ótímbundið leyfi og leitaði stjórn þá til Ingibjargar Birnu Sigurðardóttur til að taka við gjaldkerastarfi vegna þekkingar hennar. Nefnd skipa því nú Angantýr Ernir Guðmundsson, Barbara Ósk Guðbjartsdóttir ritari, Grettir Örn Sigurðsson, Ingibjörg Birna Sigurðardóttir gjaldkeri og Íris Björg Gubðjartsdóttir formaður



Starf Geislans 2021 til 2022

Lokahóf Geislans- Hefð hefur verið fyrir því að fagna góðu vetrarstarfi með því að bjóða upp á einhverslags skemmtunn/uppbrot frá æfingum. Sl. Vor var þó brugðið út af þeim vana með því einungis að brjóta upp síðustu æfingar hvors flokks fyrir sig og engum foreldrum eða gestum boðið að vera með.

Sumarnámskeið – vikurnar 7. – 18. júní stóð Geislinn fyrir leikja-, íþróttá- og fótboltanámskeiði og var þjálfari Hallbera Gunnarsdóttir. Námskeiðið var börnum sem skráð voru í geisla og höfðu stundað æfingar veturinn '20-'21 að kostnaðarlausu en aðrir greiddu 8.000 kr fyrir tímabilið. Þá tóku við sumaræfingar en boðið var upp á tvær æfingar alla virka daga ein fyrir sinn hvorn aldurshópinn. Um fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir var að ræða og voru þjálfarar þau Viktor, Daði og Sgga Drífa

Þórólfur Sveinsson þjálfari frá Akureyri kom og var með fótbaltaæfinagar, tækni og boltaleikni dagana 6. og 7. Júlí og var vel mætt á þær. Þá var hann með fyrirlestur um markmiðasetningu og mikilvægi foreldra í þátttöku tómstunda barna sinna í íþróttahúsini fyrri daginn og var mæting góð.

Fótbaltaþjálfun frá KSÍ – 19. ágúst kom Siguróli Kristjánsson (Moli) þjálfari á vegum KSÍ. Hann hélt opna æfingu fyrir iðkendur og gekk vel.

Héraðsmót HSS –Geislinn sá um héraðsmót HSS á Grundum þriðjudaginn 13. Júlí. Kept var í frjálsum íþróttum og allir iðkendur fengu þátttökupening í lok dags. Þá tók Geislinn að sér að sjá um Kubbmóti og fótboltamót fyrir HSS á Hamingjudögum. Fyrir þetta fékk Geislinn greiddar 30.000 krónur fyrir hvert móti fyrir sig. Þá var barnamót HSS halddið á Grundum 11. ágúst

10. ágúst hófst sundnamskeið fyrir fullorða og var Henrike þjálfari. Sæmileg skráning var en mæting misjöfn. Þó stendur uppúr að áhugi var fyrir hendi og ánægja meðal þeirra sem sóttu námskeiðið. Vetrarstarf Geislans hófst þriðjudaginn 24. ágúst og var/er það á herðum Angantýs Ernirs Guðmundssonar. Þá var boðið upp á íþróttaskóla fyrir leikskólabörn bæði á haustönn og vorönn. Íris Björg sá um hann fyrir jól en Angantýr á vorönn.

Mánudaginn 20. desember buðu Geislinn og frístund Grunnskóla upp á jólabíó í húsnæði Ozon. Frábært uppátæki og skemmtilegt samstarf milli aðila er koma að tómstunda og íþróttastarfi barna í samfélaginu okkar.

Helgina 18. - 20. febrúrar var coerver coaching með námskeið með Heiðari Þorleifssyni. Markmið coerver coaching er m.a. að þjálfa færni, sjálfstraust og sköpunargleði leikmanna og virðingu fyrir hugarfari og frammistöðu. Um 10 iðkendur sóttu námskeiðið.

5. mars var iðkendum 1. til 4. bekkjar boðið á fótboltamót á Laugum í Sælingsdal sem íþróttafélagið Undri bauð upp á. Uppákoman var skemmtileg hvar 6 lið kepptu. Tvö lið frá Geisla og 4 frá Undra. Í lok móts bauð Undri okkar liðsfólki í sund og allir þátttakendur fengu merktan þátttökupening.

Sl. Haust var pantaður æfingafatnaður merktur Geisla frá Jakosport í Kópavogi. Ýmsir hnökrar voru í ferlinu en hafðist þó svo til að lokum en síðustu 4 flíkurnar koma ekki fyrr en í lok apríl til Jako skv. Svari



Ársþing 2022

frá þeim sem barst fyrr í dag, og eftir stöndum við með góða reynslu sem ætti að nýtast þegar næst verður ráðist í slíka framkvæmd. Sparisjóður Strandamanna, Strandagaldur, Orkubúið og Hólmadrangur styrktu kaupin um 220þúsund og prýða lógó ofangreindra fyrirtækja treyjur félagsins. Þessir styrkir gerðu félagini kleift að niðurgreiða verð til einstaklinga. T.a.m. greiddi félagið allar treyjurnar að fullu.

Körfuboltaskóli – Til stóð að halda körfuboltanámskeið með Helga Frey Margeirssyni frá Körfuboltaskóla norðurlands vestra’ helgina 20. til 21. nóv en ekkert varð af því í þetta skipti og spiluðu bæði veður og færð og C19 þar inn í.

Verkefni ársins – utan hefðbundins íþróttastarfs og ungmennastarfs og tillögur fyrir næsta starfsár

Samningur milli íþróttafélags og sveitafélags. Uppsögn, sjá fylgiskjöl.

Í svari mínu við fyrirspurn um endurnýjun samnings segir m.a. „ Oddviti hefur verið að vinna þessa styrktarsamninga og hann mun væntanlega hafa samband innan tíðar. Það þarf að ganga frá samningi sem fyrst þar sem um er m.a að ræða fría tíma í íþróttasal frá áramótum.

17. júní hátíðarhöld – Geislinn hafði umsjón með hátíðahöldum þjóðhátíðadaginn 17. júní. Ávarp, nammisala og andlitsmálun var meðal þess sem boðið var uppá en einnig var nýi pannavöllurinn vígður og nutum við aðstoðar Lóa (Jamisonar Ólafs Johnson) við það.

Æfingagjöld Geislans hafa verið óbreytt í um skeið og innheimta þeirra stopul einkum vegna covid Gjöldin eru 5.500 krónur fyrir hverja íþrótt en aldrei er borgað meira en 15.000 fyrir barnið, systkinaafsláttur er svo strax við annað systkini 25%, 50% við þriðja systkini.

Félagaskráning- Stjórn Geislans hefur lagt til að farið verði í góða upplýsingaröflun á því hverjir eru og vilja vera félagar í Geisanum, sú vinna er enn óunninn.

Áhaldaskúr – frá síðustu skýrslu „Upp kom hugmynd á fundi snemma á síðastliðinu starfsári að falast eftir gamla skúrnum sem var á planinu hjá N1 og færa hann út á Grundir. Hann skildi notaður sem áhaldageymsla. Farið var í að finna hentugan stað þar sem hann yrði ekki fyrir gólfspilurum, og yrði ekki örðrum til trafalla. Mundi Páls fór með meðlimum stjórnar og fundu þau í sameiningu góðan stað. Ekki hefur hins vegar enn tekist að færa skúrinn yfir á Grundir. Búið er að tala við Þórð Sverrisson gröfumann um að grafa fyrir stöplum og búið er að semja við sveitarfélagið með að færa skúrinn yfir á Grundir“



Ársþing 2022

Staðan í dag. Ekki er í býgerð að koma umræddum skúr út á Grundir en þess í stað að setja upp nýjan þar og koma þeim gamla í notkun við krossarabrautina.

Þjálfararéttindi- Geislinn hefur stutt við áhugasama um að taka að sér þjálfun með því að greiða fyrir þjálfararéttindi ísí, og hafa á þessu starfsári Angantýr Ernir Guðmundsson og Kristín Anna Oddsdóttir lokið 1. stigi.

Ýmsar hugmyndir komu upp um að halda fjölbreytta viðburði á árinu s.s. ýmis námskeið og íþróttahelgi. Á haustdögum var hafist handa við undirbúnning slíkrar helgar þar sem til stóð að bjóða nágrannafélögum til okkar yfir helgi og kynna íþróttir eins og glímu, blak og hokký og ýmsum öðrum áhugaverðum íþróttum. Ekki náðist að hrinda þeim í framkvæmd, einkum vegna óvissu með covid framan af en sú undirbúningsvinna sem hafin var er til staðar og hægt að leggja hana til grundvallar slíkri uppákomu næsta veturnar.

Stefnt er að því að haldið verði áfram að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþróttatengdra námskeiða bæði fyrir börn og fullorðna.

Vilji er til staðar að vinna að uppbyggingu skólahreystibrautar í einhverri mynd og efla þannig samvinnu íþrótt og skóla. Af því tilefni væri upplagt að efla aðkomu foreldra og forráðamanna t.a.m. með vinnuframlagi. Mætti t.d. halda vinnufund hvar unnið yrði að formi, útliti og staðsetningu slíkrar brautar í samvinnu við Grunnskóla, íþrótt- og stómstundasvið og Sveitafélag og seinna meir vinnudag þar sem unnið yrði að framkvæmd.

UMFÍ, sem Geislinn er aðili að, leggur áherslu á gleðina sem felst í því að taka þátt. UMFÍ er framsækin og traust hreyfing sem sýnir frumkvæði og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt og leggur áherslu á samvinnu þar sem margfeldisáhrif skila betri heildar hagsmunum.

Gildi UMFÍ endurspeglast í ungmannafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið með slagorðum UMFÍ, ræktun lýðs og lands

Að lokum vill Geislinn þakka öllum þeim sem hafa lagt félagini lið á liðnu starfsári, þjálfurum, afleysingaþjálfurum, foreldrum, forsvarsmönnum íþróttamiðstöðvarinnar og síðast en ekki síst iðkendum sjálfum.

Höldum áfram að vera sýnileg og draga fram jákvæðar íþróttafyrirmyn dir nær sem fjær.

Stjórn Geislans 2021 - 2022



Skýrsla Skíðafélags Strandamanna 2021

Stjórn Skíðafélags Strandamanna skipa: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Hjalti Helgason, Ragnar Bragason, Rósmundur Númason og Vilberg Þráinsson. Varamenn eru Halldór Logi Friðgeirsson og Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir.

Í upphafi árs fékk Skíðafélag Strandamanna sérstaka viðurkenningu frá Strandabyggð fyrir framlag til íþróttamála á árinu 2020 og var það mikil hvatning fyrir þá sem koma að starfinu.

Þetta var 22. veturninn sem Skíðafélag Strandamanna er með æfingar fyrir börn og unglings og var fyrsta skíðaæfing tímabilsins 22. desember 2020 og voru skíðaæfingar þrisvar í viku fram í lok apríl. Það fjölgaði í þjálfarahópnum á árinu og voru þjálfarar: Ragnar Kristinn Bragason, Rósmundur Númason, Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir, Vilberg Þráinsson, Hjalti Helgason, Björk Ingvarsdóttir og Jóhanna Rósmundsdóttir. Auk þeirra var Aðalbjörg Óskarsdóttir umsjónarmaður línuskautaæfinga. Eggert Kristjánsson var umsjónarmaður snjótroðarans og troðari þennan veturninn. Haldnar voru 38 skíðaæfingar fyrir börn og unglings auk línuskautaæfinga, styrktaræfinga og æfingamóta og voru að meðaltali 20 iðkendur sem tóku þátt á æfingum.

Grunnskólarnir á svæðinu komu allir í heimsókn og fengu búnað og kennslu. Það væri ekki hægt að bjóða upp á það ef iðkendur lánuðu ekki sinn búnað og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

SFS átti glæsilegan hóp ungmenna á bikarmótum í ár og var afar góð stemmning í hópnum. Þau Elísa Vilbergsdóttir, Þórey Dögg Ragnarsdóttir, Árný Helga Birkisdóttir, Guðbjörg Ósk Halldórsdóttir og Stefán Þór Birkisson tóku þátt á öllum bikarmótum vetrarins og uppskáru eftir því og lenti SFS í öðru sæti í stigakeppni félagana 13-16 ára. Stranda- og Reykhólamenn mega vera afar stolt af þessum hópi ungmenna þar sem þau vekja eftirtekt fyrir góða framkomu í hvívetna.

Haldin voru 4 heimamót en vegna Covid 19 var t.d. ekki hægt að halda páskamótin sem hafa verið árlegur viðburður. Covid hafði því miður einnig áhrif á mótaþald á landinu og UMÍ og Andrésarandarleikarnir félur niður. Hins vegar náði SFS að halda Strandagönguna og var hún haldin þann 14. mars. Rúmlega 170 keppendur tóku þátt og gekk gangan ljómandi vel þó að ekki hafi verið hægt að bjóða upp á kaffihlaðborð og verðlaunaafhendingu.

Haldin voru 4 námskeið fyrir fullorðna á árinu og gengu þau frábærlega og finnum við fyrir mikilli eftirspurn eftir fleiri námskeiðum. Þjálfarar SFS hafa auk þess aðstoðað við svokallaðar Millu og Krilluferðir sem hafa haldið námskeið í Selárdal.

Trékyllisheiðin er nýjung hjá SFS og er það hlaup sem haldið var þann 14. ágúst sl. Hlaupið var frá Félagsheimilinu í Árnesi og endað við Skíðaskálann í Selárdal. Einnig var boðið upp á Trékyllisheiðin "mini" þar sem hlaupið var af Bjarnafjarðarhálsi og niður í Selárdal. Alls tóku 60 keppendur þátt í frábæru veðri og að þessu komu björgunarsveitir á svæðinu þar sem að björgunarsveitarmenn mönnuðu drykkjarstöðvar á leiðinni.

Unnið var áfram að framkvæmdum í Selárdal. Búið er að klæða loftið allt í skálanum og ýmislegt fleira. Nú eru komnir stólar, borð og borðbúnaður sem þýðir að hægt var t.d. að halda ársþing sl. ár í Selárdal. Félagið fékk styrk frá Sterkum Ströndum og mun hann t.d. fara í að bæta lýsingu, setja upp myndavélar og snjógirðingar. Félagar tóku m.a. þátt í flóskusöfnunum og tertusölu til að fjármagna starfið. Strandabyggð hefur verið styrktaraðili undanfarin ár auk þess



Ársþing 2022

að að lofa féluginu að halda æfingar í íþróttahúsinu og nýta félagsheimilið þegar þarf. Fyrirtæki á svæðinu og einstaklingar hafa einnig verið féluginu afar velviljuð.

Eftir sumarfrí hófust svo hjólaskíðaæfingar um miðjan ágúst fram að smalamennskum og í október hófust línuskauta og styrktaræfingar. Farnar voru tvær sunnudagsgöngur síðsumars. Þann 12. desember náðist svo að halda skíðaæfingu á Þröskuldum auk þess sem eldri hópurinn fór í æfingaferð til Ísafjarðar fyrir jólin. Árný, Elísa og Þórey eyddu áramótunum í Noregi í æfingabúðum á vegum SKÍ. Meira um það á næsta ári :-)

Fyrir hönd Skíðafélags Strandamanna þakka ég iðkendum fyrir mikinn dugnað og jákvæðni, þjálfurum fyrir frábært starf, foreldrum fyrir alla aðstoð á svæðinu og öllum velvildarvinum Skíðafélagsins fyrir stuðninginn.

Lifið heil

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Golfklúbbur Hólmavíkur

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021

Árið 2021 myndi teljast nokkuð hefðbundið og þó ekki, framkvæmdir, bjartsýni meðal félagsmanna hafa einkennt árið.

Eins og undanfarin ár hefur umsjón með vellinum verið mest í höndum Halldórs K Ragnarsonar og Ingimundar Pálssonar, uppbyggingu vallarins, slætti og viðhaldi tækjabúnaðar GHÓ. Hægt er að segja að það starf sem þeir hafa unnið fyrir okkur sé ómetanlegt. Gott orðspor hefur skapast um völlinn og ljóst að ófáir tímar hafa legið á bakvið umhirðu vallarins og svo vélanna sem notaðar eru við það verk og eiga þeir þakkir skyldar fyrir þessa eljusemi sem og þeir klúbbmeðlimir sem hafa einnig komið að vallarmálum þetta árið.

Völlurinn kom illa undan vetri vegna kals, sérstaklega grínin en með mikilli elju starfsmanna náðist að koma þeim í sæmilegt horf síðsumars.

Framkvæmdir við uppbyggingu á þrem grínum er hafinn og er það verk í umsjá Halla og Munda að mestu. Golfklúbburinn sótti um styrk frá Sterkari Strandir 2021 og fékk úthlutað 600.000,- til þessa verks og er það vel. Einnig fengum við 250.000- kr í styrk frá sérsjóði HSS til kaupa á sláttuvél, og er þeim færðar kærar þakkir fyrir, því án þessara styrkja hefði þetta ekki verið hægt. Einnig var keypt talvert magn af áburði og fræjum sem skiliðu sér í mun betri velli, en borið var á brautirnar og þær valtaðar með sér útbúnum valtara frá Ingimundi. Fræjunum var sáð á grínin og var farið að sjást góður árangur af því.

Helstu verkefni: Kaup á sláttuvél frá Grenivík. Uppbygging 3 grína og teiga borið á völlinn hann valtaður og grínin sandborin. Klúbbhúsið var málað að utan og sáu félagsmenn um það „Lögð drög að kaupum á golfhermir, sótt um styrk til þess til sterkari stranda“

Mótahald klúbbsins var nokkuð hefðbundið innanfélagsmót með nokkrum félögum, að ógleymdu Strandamannamóti sem haldið var þann 14 ágúst .


Met ásókn var á völlinn af ferðafólki sem veitir okkur góðan stuðning og jákvæðar umsagnir um völlinn.

F.H stjórnar

Benedikt S.Pétursson

Leifur heppni

Ungmennafélagið Leifur heppni í Árneshreppi var stofnað 23. febrúar árið 1941. Stofnendur voru fjörutíu og einn og eru við kannski aðeins fleiri núna.



Myndir af framkvæmdum við Krossnessundlaug.

Á haustmánuðum 2020 hófu félagar gagngerar endurbætur á búningsaðstöðu sem var stækkuð, húsið endurbyggt að mestu og gerð var aðstaða fyrir starfsmann Krossneslaugar. Það verkefni var unnið af



Ársþing 2022

miklum krafti og myndarskap og ótal hendur lögðu sitt lóð á vogarskálar til að hægt væri að opna að nýju, laugin var einnig máluð síðasta vor og með samstilltu átaki tókst að opna laugina aftur 9. Júlí 2021: Framkvmdirnar hafa heppnast vel og er almenn ánægja með hvernig til hefur tekist. Verkinu er þó ekki að fullu lokið enn og unnið er að því að klára ýmis frágangsverkefni sem út af standa. Verkið var styrkt af örvegissjóði brothættra byggða og er óhætt að segja að ekki hefði verið mögulegt að ráðast í framkvæmdirnar án stuðnings þeirra.

17. júní var haldið hlaup og farið í leiki, skemmtilegur dagur þar sem fólk kom saman og lék sér. Árlega er haldið víðavangshlaup.

Nábrókin var haldin um verslunarmannahelgina, þar var spilaður drullubolti og haldnir tónleikar en ball var slegið af vegna samkomutakmarkanna.

Aðalfundur var svo haldinn 10. September og þar var kosin ný stjórn, hana skipa :

Valgeir Eyjólfsson formaður, Oddný Snjólaug Þórðardóttir gjaldkeri

Bjarnheiður Júlia Fossdal, Sigrún Sverrisdóttir, Sólveig Rögnvaldsdóttir

Ungmennafélagið Neisti 2021

Stjórn skipuðu: Óskar Torfason formaður, Aðalbjörg Óskarsdóttir gjaldkeri og Margrét Ólöf Bjarnadóttir ritari.

Ungmennafélagið Neisti hélt úti frjálsíþróttæfingum fyrir börnin einu sinni í viku og sá Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir um þær auk þess að sjá um umhirðu íþróttavallarins. Nokkrir iðkendur frá Neista tóku þátt á Héraðs- og barnamóti HSS og stóðu sig með prýði. Neistinn sá um utanumhald Kvennahlaups ÍSÍ í júní að venju.

Neisti festi kaup á ærslabelg frá Vélaval á árinu 2020 og var hann settur upp í júní. Félagsmenn lögðu mikla vinnu í uppsetninguna en þurfti m.a. að skipta um jarðveg og jafna landið vegna hæðarmismunar. Gekk vinnan ljómandi og hefur belgurinn vakið mikla lukku hjá ungum jafnt sem öldnum enda frábærlega staðsettur með fallegu útsýni að Grímsey. Húsfélagið Baldur og Kaldrananeshreppur tóku þátt í þessu verkefni og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir auk allra þeirra félagsmanna lögðu hönd á plóg.

Fyrir hönd ungmennafélagsins Neista
Aðalbjörg Óskarsdóttir



Ársþing 2022

Sundfélagið Grettir – skýrsla stjórnar

Á árinu 2020/2021 var litið um hreyfingu innan félagsins. Þó var virkni í bogfimideild félagsins þar sem æfingar voru haldnar í félagsheimilinu á Hól mavík. Einnig var fenginn þjálfari frá Reykjavík til að halda bogfiminámskeið. Nýjir félagar voru teknir inn í bogfimideildina og einnig fékk sundfélagið styrk frá Sérverkefnasjóði HSS til útbúnaðarkaupa. Styrkurinn hljóðaði upp á 225 þúsund kr og nýttist vel, en búnaður var keyptur fyrir 436 þúsund í heildina. Stofnun bogfimideildarinnar hefur einnig stuðlað að því að erlendir íbúar hafa orðið virkari í íþróttastarfí á svæðinu.

Fyrir hönd stjórnar.

Ingólfur Árni Haraldsson.



Hluti af iökendur Golfklúbbs Hól mavíkur



Undirritun stjórnar

Stjórn Héraðssambands Strandamanna (HSS) staðfestir hér með ársreikning 2021 með undirritun sinni

Hólmavík 15 júní 2022

Í stjórn

Formaður

Jóhann Þórir Þorláksson.

Varaformaður

Oskar Þorláksson

Ritari Varam.

Björn Ingimarsd.

Gjaldkeri

Ragnar Bragason

Meðstjórandi

Renke Stúlff

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við höfum skoðað ársreikninga Héraðssambands Strandamanna vagna ársina 2021.

Ársreikningurinn hefur að geyma undirritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningurinn er í samræmi við settar reikningsskilareglur og annar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Hólmavík 14 júní 2022

Ingimundur Þórsson

Rekstrarreikningur

Skýr. 2021 2020

REKSTRARTEKJUR

Framlög og styrkir	1	6.146.315	5.386.136
Aðrar tekjur	5	133.560	133.560
Rekstrartekjur alls		<u>6.279.875</u>	<u>5.519.696</u>

REKSTRARGJÖLD

Laun og verktakagreiðslur	6	710.600	877.800
Styrkir til deilda	7	4.983.854	4.193.489
Þátttaka í mótaum	10	29.000	34.000
Kostnaður v/mótahalds	11	140.175	114.333
Rekstur skrifstofu	13	22.786	4.554
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	14	14.980	(8.950)
Önnur gjöld	16	<u>347.354</u>	<u>(347.354)</u>
Rekstrargjöld alls		<u>6.248.749</u>	<u>4.867.872</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>31.126</u>	<u>651.824</u>

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	6.259	13.207
Vaxtagjöld	(1.540)	(3.817)
Hagnaður (tap) tíma bilsins	<u>4.719</u>	<u>9.390</u>
	35.845	661.214

Efnahagsreikningur

Skýr.

2021

2020

EIGNIR

FASTAFJÁRMUNIR

Varanlegir rekstrarfjármunir 18 76.381 76.381
 Fastafjármunir alls 76.381 76.381

VELTUFJÁRMUNIR

Vörubirgðir	20	2.000	2.000
Handbært fé	22	12.248.840	11.432.676
		<u>12.250.840</u>	<u>11.434.676</u>
gnir samtals		12.327.221	11.511.057

Hinn 31. desember

Skýr.	2021	2020
-------	------	------

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

EIGIÐ FÉ

Óráðstafað eigið fé	7.655.500	6.994.286
Tekjuafgangur ársins	35.845	661.214
Eigið fé alls	<u>7.691.345</u>	<u>7.655.500</u>

LANGTÍMASKULDIR

SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldri	4.635.876	3.855.557
Skammtímaskuldri alls	<u>4.635.876</u>	<u>3.855.557</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>12.327.221</u>	<u>11.511.057</u>

Sundurliðun ársreiknings

2021 2020

1. Framlög og styrkir

Styrkir ÍSÍ	100.000	170.000
Styrkir frá íslenskum getraunum	0	102.009
Styrkir frá Sparisjóð Strandamanna	0	50.000
Lottó frá ÍSÍ	1.778.278	1.448.551
Lottó frá UMFÍ	3.989.178	3.615.576
Getraunir	53.859	0

Aðrir styrktaraðilar

Styrkur Strandabyggð	225.000	0
Aðrir styrktaraðilar alls	<u>225.000</u>	<u>0</u>
Framlög og styrkir alls	<u>6.146.315</u>	<u>5.386.136</u>

5. Aðrar tekjur

Félagsjöld	133.560	133.560
Aðrar tekjur alls	<u>133.560</u>	<u>133.560</u>

6. Laun og verktakagreiðslur

Verktakagreiðslur

Verktakagreiðslur framkvæmdastjóra	710.600	877.800
Verktakagreiðslur alls	<u>710.600</u>	<u>877.800</u>
Laun og verktakagreiðslur alls	<u>710.600</u>	<u>877.800</u>

7. Styrkir til deilda

Lottó til Leifs Heppna	152.471	139.764
Lottó til Sundfélagsins Grettis	185.603	170.134
Lottó til Neista	317.977	291.475
Lottó til Geisla	1.749.356	1.603.556
Lottó til Skíðaf. Strandamanna	1.056.416	968.369
Lottó til Gólfklúbbs Hólmavíkur	322.031	295.191
Styrkir úr sérsjóð	1.200.000	725.000
Styrkir til deilda alls	<u>4.983.854</u>	<u>4.193.489</u>

10. Þátttaka í mótaum

Annar þátttökukostnaður

Þátttökugjald	0	34.000
Annar þátttökukostnaður	29.000	0
Annar þátttökukostnaður alls	<u>29.000</u>	<u>34.000</u>
Þátttaka í mótaum alls	<u>29.000</u>	<u>34.000</u>

11. Kostnaður v/mótahalds

Verðlaunapeningar	20.175	108.694
-------------------------	--------	---------

Sundurliðun ársreiknings

2021

2020

Annar mótahaldskostnaður

Annar mótahaldskostnaður	120.000	5.639
Annar mótahaldskostnaður alls	120.000	5.639
Kostnaður v/mótahalds alls	140.175	114.333

13. Rekstur skrifstofu

Póstkostnaður	0	4.554
Tölvukostnaður	22.786	0
Rekstur skrifstofu alls	22.786	4.554

14. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Styrkir	0	5.000
Fræðsluefní	20.930	0
Fréttabréf	(5.950)	(13.950)
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	14.980	(8.950)

16. Önnur gjöld

Biðreikningur Sérsjóðs	347.354	(347.354)
Önnur gjöld alls	347.354	(347.354)

18. Varanlegir rekstrarfjármunir

Aðrar eignir	76.381	76.381
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	76.381	76.381

20. Vöruburgðir

Vörur	2.000	2.000
Vöruburgðir alls	2.000	2.000

22. Handbært fé

Tékkareikn Sparissj. 950	545.955	330.687
Sparisjoðurinn - markaðsr - 550255	11.498.629	10.231.596
Sérsjóður - 550055	204.256	870.393
Handbært fé alls	12.248.840	11.432.676